

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/905****2024/EES/85/38****frá 15. mars 2024****um að veita heitinu „Rosalejo“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins
(ESB) nr. 1308/2013 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 99. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- Í samræmi við 2. og 4. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Spánn sendi um skráningu heitisins „Rosalejo“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽²⁾.
- Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.
- Í samræmi við 1. mgr. 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Rosalejo“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Rosalejo“ (VUT) er hér með veitt vernd.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. mars 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**Fyrir hönd forsetans,*

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. ESB L, 2024/887, 25.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 251/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stj. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/1308/oj>